

Fylgiskjal V



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Niðurstöður úr samráði PFS um drög að ákvörðun
varðandi verð og skilmála fyrir VDSL+
fyrirtækjatengingar og lén og tengiskil vegna
samtenginga**

19. nóvember 2014

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Stærð tengiskila.....	4
3	Uppsetning og afhending tengiskila.....	6
4	Tengigjöld í BRAS og tengiskil einstakra veitna inn á BRAS kerfið.....	9
5	Tengingar innanhúss í sírstöð.....	11

1 Inngangur

Í þessu skjali er að finna samantekt þeirra svara og athugasemda sem bárust vegna samráðs Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) um frumdrög ákvörðunar varðandi verð og skilmála Mílu ehf. (Míla) fyrir VDSL+ fyrirtækjatengingar og lén og tengiskil vegna samtenginga. Frumdrögin voru lögð fyrir hagsmunaaðila til samráðs á heimasíðu stofnunarinnar þann 17. september 2014 og lauk samráðinu þann 8. október sl.

Eftirfarandi aðilar sendu inn athugasemdir við frumdrögin:

- Hringiðan ehf. – hér eftir nefnt Hringiðan
- Snerpa ehf. – hér eftir nefnt Snerpa

Athugasemdir Hringiðunnar og Snerpu voru sendar til Mílu til umsagnar.

Athugasemdirnar eru flokkaðar saman eftir efni. Leitast hefur verið við að greina allar þær athugasemdir sem máli skiptu ásamt andsvörum Mílu. Í lok umfjöllunar um hverja athugasemd er stutt samantekt um afstöðu PFS.

2 Stærð tengiskila

Snerpa gerir athugasemd við að ekki verði afgreidd tengiskil stærri en 300 Mb/s utan höfuðborgarsvæðisins, eins og fram kemur í Viðauka 6, „*Samtengingar internetþjónustuaðila við xDSL og GPON kerfi Mílu vegna aðgangслейðar 3*“, .

Snerpa bendir á að fyrirtækið sé nú þegar með uppsett 1 Gb/s tengiskil á Ísafirði gagnvart Mílu sem eru tengd inn á búnað Símans sem síðan sjái Mílu fyrir afhendingu tengiskilanna. Snerpa lagði fram útprentun af stöðu tengiskilanna í búnaði Símans, máli sínu til stuðning.

Að mati Snerpu er ekki hægt að fallast á að tengiskilin séu minnkuð frá því sem nú sé, þar sem almenn þróun netumferðar bendi til mikillar aukningar á þörf fyrir bandvídd næstu ár. Ef PFS myndi fallast á þennan fyrirvara Mílu gæti það orðið til þess að takmarka möguleika Snerpu á að veita þjónustu út af bitastraumskerfi Mílu.

Snerpa bendir á að um mismunun sé að ræða, á tilteknum tímapunkti yrði þjónustuaðili að flytja tengiskil sín á höfuðborgarsvæðið með tilheyrandi kostnaði. Kostnaði sem annars lægi í heildarrekstarkostnaði BRAS-kerfisins. Slík tilfærsla myndi verða þeim sem eru með rekstur sinn á höfuðborgarsvæðinu í hag á kostnað landsbyggðar.

Hringiðan lagði fram sambærilega athugasemd varðandi stærð tengiskila.

Í **andsvari Mílu** vísar fyrirtækið á drögin að verðskrá en þar komi eftirfarandi fram: „*Möguleg stærð samtengisambanda er breytileg eftir tengistað. Þau eru takmörkuð við hraða tengiskila séu þau staðsett á höfuðborgarsvæðinu, en takmarkast við 300 Mb/s utan þess. Samtengingarnar geta átt sér stað á einum eða fleiri samtengipunktum, sem eru staðsettir víðsvegar um landið. Kaupandi vörunnar ber ábyrgð á tengingum inn í samtengipunkta og greiðir fyrir þær að fullu. Tengiskilin sem eru í boði eru 1Gb/s og 10Gb/s.*“

Míla telur að um misskilning sé að ræða hjá Snerpu og Hringiðunni. Afhent tengiskil séu 1 Gb/s eða 10 Gb/s og eins og Snerpa bendi réttilega á sé fyrirtækið með 1 Gb/s tengiskil uppsett á Ísafirði. Míla segir það ekki vera ætlunina að minnka tengiskilin sjálf. Hins vegar sé greitt fyrir bandviddina í DSL mánaðargjöldum og því eðlilegt að bandviddarþörf miðist við fjölda DSL tenginga.

Míla benti einnig á að þau verð sem fyrirhuguð séu á tengiskilunum séu fengin fram með þeim takmörkunum sem sett séu fram í tilboðinu. Erlendis sé sambærileg þjónusta oftast veitt þannig að skilgreindir séu nokkrir tengipunktar sem internetveitur geta tengst við og verði þær að leigja sambönd þangað. Í slíku kerfi mætti búast við 1-3 tengistöðum úti á landi og 2-3 á höfuðborgarsvæðinu. Í tilboði Mílu sé það ekki gert að þessu sinni og það sé helsta ástæða þess að setja þurfi takmarkanir á stærð sambanda enda verulega kostnaðarsamt að bjóða upp á 10Gb/s tengiskil hvar sem er á landinu. Ef PFS hafni takmörkunum megi búast við að verðin hækki í samræmi við þann aukna kostnað sem af því leiðir.

Þá vísar Míla á mynd Snerpu af stillingum í IP router og bendir á að þar komi fram að tengiskilin séu 1 Gb/s. Aftur á móti séu ekki sýndar stillingar sem takmarka bandvidd tengingar við 300Mb/s enda séu þær á öðrum stað í stillingum í routernum. Míla vísar því á bug að með viðmiðunartilboðinu sé verið að minnka tengingu Snerpu á Ísafirði. Á meðfylgjandi mynd megi sjá núverandi notkun á tengiskilum Snerpu. Eins og sjáist þá hafi umferð verið mest um [...]¹

[...]

Míla telur að með núverandi viðmiðunartilboði sé verið að koma verulega til móts við internetveitur sem séu staðsettar á landsbyggðinni því kostnaði við bandvidd sé dreift á alla aðila óháð staðsetningu.

Að mati Mílu er það rangt að kostnaður internetþjónustuaðila sé mun hærri en ef Míla ræki kerfið sjálf. Míla sé nú með um [...] viðskiptavinum á xDSL. Þar af séu aðeins um [...] sem nýta aðgangsléið 3. Það sé því augljóst að með því að kaupa þjónustuna frá Símanum þá fæst fram mikil stærðarhagkvæmni sem ekki væri ef Míla ræki kerfið sjálf. [...].

Afstaða PFS

Með vísun til skýringa Mílu þá gerir PFS ekki athugasemd við fyrirætlun Mílu um takmörkun á bandvidd í samræmi við bandviddarþörf í ljósi hagkvæmnisjónarmiða. Mílu er hins vegar skylt að verða við sanngjörnum og málefnalegum beiðnum frá viðsemjenda um aukna stærð sambanda, m.a. vegna fjölgunar notenda og/eða eðlilegrar þróunar á bandviddarnotkun.

Míla skal fella niður eftirfarandi málsgrein:

„Möguleg stærð samtengisambanda er breytileg eftir tengistað. Þau eru takmörkuð við hraða tengiskila séu þau staðsett á höfuðborgarsvæðinu, en takmarkast við 300 Mb/s utan þess.“

Í stað hennar komi:

„Möguleg stærð samtengisambanda er breytileg eftir tengistað. Þau eru takmörkuð við hraða tengiskila séu þau staðsett á höfuðborgarsvæðinu, en takmarkast við 300 Mb/s utan þess. Takmörkun sambanda utan höfuðborgarsvæðisins við 300 Mb/s kemur ekki í veg fyrir að viðsemjandi geti lagt fram málefnalega og sanngjarna beiðni um stærra samband.“

Hringiðan getur ekki fallist á að ekki sé hægt að fá 10 Gb/s tengiskil nema þjónustuveita hafi selt 3000 notendum tengingu og bendir á þróun í G.fast í því sambandi. Að mati Hringiðunnar ætti það ekki að vera háð fjölda notenda hvort og hvenær þjónustuveitur tengjast með 10GE tengiskilum.

¹ Upplýsingar felldar brott vegna trúnaðar. Það sama á við um upplýsingar sem fram koma í hornklofum hér að aftan.

Snerpa kom með sambærilega athugasemd varðandi takmörkun á aðgangi að 10 Gb/s tengiskilum.

Í **andsvari Mílu** kemur fram að ástæðuna megi fyrst og fremst rekja til þess að fjöldi lausra 10 Gb/s tengiskila sé mjög takmarkaður á búnaði Síman. Þessi fyrirvari sé fyrst og fremst settur fram til þess að fjarskiptafyrirtæki kaupi ekki 10 Gb/s að óþörfu sem myndi þ.a.l. mögulega kalla á óþarfa fjárfestingu í búnaði. Í raun munu fjarskiptafyrirtækin ekki kaupa 10 Gb/s tengiskilin nema þess sé þörf þar sem þau eru töluvert dýrari, því mun líklega ekki koma til þess að það þurfi að horfa til þessa 3.000 lágmarksfjölda viðskiptavina.

Afstaða PFS

Eins og Míla bendir á þá eru 10 Gb/s tengiskilin töluvert dýrari og því ekki mikil hætt á að fjarskiptafyrirtæki kaupi þau að óþörfu. Míla nefnir að líklega muni ekki koma til þess að það þurfi að nýta þessa takmörkun á fjölda notenda. Af þeim sökum fær PFS ekki séð að nauðsynlegt sé að takmarka aðgang fjarskiptafyrirtækja að 10 Gb/s tengiskilum við lágmarksfjölda notenda.

PFS hyggst því ekki heimila Mílu að miða afhendingu 10 Gb/s tengiskila við 3.000 notendur. Hins vegar er eðlilegt að viðsemjandi sýni fram á þörf fyrir slíkum tengiskilum, til að stuðlað sé að hagkvæmri netuppbyggingu.

Míla skal fella niður eftirfarandi málsgrein:

„Til þess að eiga kost á að tengjast 10 Gb/s tengiskilum, þarf viðsemjandi að vera með að lágmarki 3.000 viðskiptavini á aðgangskerfi Mílu.“

Í stað hennar komi:

„Til þess að eiga kost á að tengjast 10 Gb/s tengiskilum, þarf viðsemjandi að sýna fram á að beiðni um slíkt sé sanngjörn og málefnaleg.“

3 Uppsetning og afhending tengiskila

Snerpa bendir á að verðskráin virðist byggja á því að stór hluti vinnu við uppsetningu og afhendingu tengiskila sé í raun framkvæmdur af starfsmönnum Síman og með búnaði í rekstri hjá Símanum. Það sé ekki í samræmi við 1. gr. málslíð c og 2. gr. málslíð c í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2013.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins segi að hafi Míla ekki að ári liðnu lokið við að setja upp eigið kerfi til að veita bitastraumsþjónustuna skuli „Míla eftir sem áður eiga kost á því að fá tímabundinn aðgang að kerfum Símans, ef þörf krefur, til þess að uppfylla skyldu um samfellda þjónustu eins og tilgreint er hér að framan. ”

Þar sem einungis sé um að ræða tímabundinn aðgang, þ.e. fyrirkomulag til bráðabirgða, sé ekki hægt að fallast á að kostnaður vegna hans sé með neinum hætti felldur inn í gjaldskrá Mílu.

Þannig þurfi Míla sjálf að bera halla af því að ákveðið var að notast við þjónustu Símans áfram til að veita þjónustuna. Ljóst megi vera að Síminn verðleggi sína þjónustu ekki án álagningar til Mílu og einnig að Míla leggi ofan á þann kostnað álagningu vegna umsýslu Mílu. Öll þjónusta í verðskránni sé því umtalsvert herra verðlögð en þyrfti að vera ef Míla annaðist rekstur kerfa sjálf. Mjög óeðlilegt sé að þessum kostnaði sem leiðir af því að Míla hafi ekki fullnægt ákvæði í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins sé velt fyrir á viðskiptavini Mílu.

Hringiðan gerði samhljóða athugasemd.

Í **andsvari Mílu** bendir fyrirtækið á að sátt SE og Skiptasamstæðunnar hafi ekki áhrif á lögsögu PFS og ákvarðanir PFS sem teknar séu á grundvelli löggjafar á sviði fjarskipta.

Afstaða PFS

Eins og staðan er í dag þá hefur Míla ekki byggt upp sitt eigið IP-MPLS net, sambærilegt við net Símans. Til þess að Míla getir boðið þessa þjónustu (lén og tengiskil) þarf Míla því að kaupa aðföng af Símanum. PFS hefur yfirfarið verðskrá Mílu og hefur ekki gert athugasemd við hana.

PFS horfir í þessu samhengi til þess að þjónusta Mílu getur verið hagstæðari fyrir viðsemjanda en sú þjónusta sem er í boði hjá Símanum.

Ef Hringiðan eða Snerpa telja framangreint ekki í samræmi við sátt Samkeppniseftirlitsins og Skiptasamstæðunnar, þá eiga fyrirtækin kost að gera viðeigandi athugasemd hjá Eftirlitsnefnd um jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja, í samræmi við skilmála sáttarinnar.

Snerpa telur rétt að benda á að uppsetningar á tengiskilum séu ekki flóknar. Þær felist í því, utan tengingar á flutningsleið (sem þessi stofnkostnaður falli ekki undir) að setja inn skilgreiningar fyrir BRAS-búnað Mílu (nú í rekstri hjá Símanum), sem sé gert með þeim hætti að bætt sé inn í skilgreiningaskrá (e. config file) í auðkenningarþjón (RADIUS) upplýsingar um IP-tölu og lykilorð tengiskilaþjóns (LNS) viðkomandi fjarskiptafyrirtækis og það lénanafn sem það vill nota til að aðgreina sína notendur frá öðrum.

Snerpa bendir einnig á að í einhverjum tilvikum sé LNS rekinn af Símanum og sé það þjónusta sem ætti að vera Mílu óviðkomandi enda sé það gert í tengslum við aðgang viðkomandi fjarskiptafyrirtækis inn á IP-net Símans sem það greiðir Símanum beint fyrir.

Snerpa setti fram dæmi um þær upplýsingar sem setja þarf inn í SQL-þjón fyrir RADIUS hjá Mílu vegna tengiskilaþjóns Snerpu. Í dæminu kemur fram hvaða gildi eru breytileg eftir þjónustuaðila. Snerpa gerir athugasemd við að Míla telji það hæfilegt gjald að innheimta 114.173 kr. fyrir þessa skráningu og að auki sé rekstrarkostnaður við þetta fyrirkomulag slíkt að krefjast þurfi 7.000 kr. greiðslu á mánuði fyrir þessar þrjár færslur í gagnagrunni.

Snerpa telur að sama eigi við ef setja eigi upp aukalén, eða flytja notendur á tilteknu léni á milli tengiskilaþjóna t.d. ef einn þjónustuaðili tekur við þjónustu af öðrum og flytur þar með alla notendur yfir á sinn tengiskilaþjón, þá þurfi einungis að gera viðeigandi breytingar á ofangreindum færslum, eða skrá inn þrjár nýjar færslur ef um nýtt lén er að ræða.

Varðandi sjálf tengiskilin þá vísar Snerpa í kostnað vegna tengiskila í Aðgangsléið 1 (A1). Þar hafi mánaðargjald fyrir 1 Gb/s tengiskil verið reiknað og sé 9.289 kr. sem er svipað verð og í drögum Mílu. Hvað varði verð fyrir 10 Gb/s tengiskil þá sé það 14.862 kr. í A1 sem er umtalsvert lægra en í drögum Mílu. Snerpa bendir á að uppsetning tengiskila á móti tengiskilaþjóni þjónustuaðila sé mun einfaldari en uppsetning á tengiskilum fyrir A1 þó búnaður sé að mestu sambærilegur. Stafi það af því að í A1 þurfi að gera ráð fyrir gæðastýringum og margvarpi. Gætu þessi atriði horft til lægra verðs tengiskila en er á A1.

Hringiðan lagði fram sambærilega athugasemd varðandi kostnað vegna tengiskila.

Í **andsvari Mílu** bendir fyrirtækið á að samkvæmt ákvörðun PFS sé Míla með umtalsverðan markaðsstyrk á bitastraumsmarkaði og þar með sé verðskrá fyrirtækisins undir eftirliti stofnunarinnar. Verðskrá skuli byggjast á raunkostnaði. Míla kaupi þessa þjónustu af Símanum og sé þar um sannanlegan kostnað að ræða. Það væri því óeðlilegt ef Míla gæti ekki innheimt gjald fyrir þá þjónustu sem hún kaupir af einum aðila til að veita öðrum auk umsýslukostnaðar. Míla bendir jafnframt á að ef Snerpa og Hringiðan séu ósátt við verðlagningu Mílu á þessari þjónustu eiga fyrirtækin kost á að kaupa þessa þjónustu af Símanum.

Þá bendir Míla á að ef fyrirtækið myndi byggja þessa vöru upp frá grunni myndi það að líkindum leiða til mun hærra verðs því núverandi verðskrá njóti góðs af samnýtingu í búnaði

hjá [...] þar sem flestir viðskiptavinirnir séu. Þegar um sé að ræða uppsetningu á lénum fari fram vinna hjá Símanum við skilgreiningar inn í BRAS kerfi Símans sem staðsettur sé vítt og breitt um landið. Síminn innheimtir gjald fyrir þessa þjónustu til Mílu. Þá fari fram ákvæðin umsýsla hjá Mílu sem rétt og eðlilegt sé að greitt sé fyrir. Míla muni þó ekki innheimta stofngjöld af lénum sem þegar séu í rekstri hjá Símanum enda sé þar ekki um að ræða útlagðan kostnað af hálfu Mílu.

Í svari Mílu kemur einnig fram að misskilningur hafi orðið á milli Símans og Mílu um innheimtu á mánaðargjöldum fyrir lén, 7.000 kr. Síminn innheimti ekki þessi gjöld og verði þau því tekin út úr verðskrá Mílu.

Afstaða PFS

Þar sem hér er um endursölu Mílu á þjónustu Símans skoðar PFS fyrst og fremst álagningu Mílu og viðskiptaskilmála. PFS er því ekki að kostnaðargreina þjónustu Símans enda er ekki kvöð um eftirlit með gjaldskrá á Símanum á þessum markaði.

PFS fagnar því að innkomnar athugasemdir hafi leitt til þess að misskilningur milli Símans og Mílu hafi komið ljós og verið leiðréttur, sem er til bóta fyrir kaupendum þjónustunnar.

4 Tengigjöld í BRAS og tengiskil einstakra veitna inn á BRAS kerfið

Snerpa og Hringiðan vísa í athugasemdir til PFS þann 29. júlí sl. sem voru bornar undir Mílu. Að þeirra mati er kostnaður við BRAS-kerfið hluti af kostnaði fyrir einstök port í DSLAM Mílu og vísa í töflu 9.7 í ákv. 17/2014.

Það væri því tvírúkkun ef greitt væri fyrir aðgang að BRAS-kerfi bæði með portagjöldum og einnig með því að innheimta fyrir aðgang tengiskila inn á BRAS-kerfið. Míla geti því ekki sagt að ekki sé „greitt sérstaklega fyrir bandvídd inn á BRAS-kerfi Símans“. Þá benda fyrirtækin á að BRAS-kerfið eigi að vera rekið af Mílu, ekki Símanum og sé núverandi fyrirkomulag því einungis tímabundið ástand. Sé greitt mánaðargjald fyrir tengiskilin þurfi því að taka út tilsvarende kostnað í kostnaðargreiningu á aðgangsportum í DSLAM.

Í **andsvari Mílu** bendir fyrirtækið á að þessi kostnaður sé ekki innifalinn í kostnaðargreiningunni fyrir A3. Það hafi þegar komið fram í andsvari Mílu við fyrri athugasemdir Snerpu og Hringiðunnar.

Afstaða PFS

PFS vísar í umfjöllun í kafla 3.4 í ákvörðunardrögunum þar sem fjallað er um athugasemdir Snerpu og Hringiðunnar sem bárust þann 29. júlí s.l. Eins og þar kemur fram þá er þessi kostnaður sem Snerpa vísar í ekki innifalinn í aðgangsverðum að aðgangsléið 3.

Hringiðan bendir á að fyrirtækið hafi farið fram á að Míla tengi Hringiðuna með aðal og varaleið vegna DSL heildsöluumferðar í Dunhaga 5 um tvær aðgreindar lagnaleiðir og um tvö aðskilin fjarskiptakerfi. Míla hafi ekki orðið við þeirri beiðni en um ár sé liðið frá því að fyrst var óskað eftir því hjá Mílu að fyrirtækið tæki við DSL heildsölutengingunum.

Í **andsvari Mílu** tilgreinir fyrirtækið að Hringiðan virðist túlka aðgangsleið 3 þannig að skil kerfisins séu inni hjá internetþjónustuveitanda og að það sé á ábyrgð xDSL þjónustuveitanda (Mílu) að flytja umferðina inn til hans. Þetta sé röng túlkun enda komi slíkt ekki fram í skýringarmynd PFS um aðgangsleiðir. Þar sést að skilin eru í tengipunkti IP burðarnets xDSL kerfisins. Það sé því á ábyrgð internetþjónustuveitanda að útvega sér tengingu inn á net xDSL þjónustuveitanda og greiða fyrir hana. Hringiðunni hafi staðið til boða að tengjast inn á xDSL kerfið í gegnum Mílu frá því PFS heimilaði sölu á því. Hringiðan hafi aftur á móti hafnað að greiða fyrir samböndin inn í Tæknigarð og sé það ástæða þess að Hringiðan hafi ekki fengið þau.

Afstaða PFS

Þessi athugasemd Hringiðunnar fellur utan efnis þeirra ákvörðunardraga sem lögð vorum fram til samráðs.

PFS tekur undir með Mílu að tengiskil aðgangsleiðarinnar sé við tengipunkti IP burðarnets xDSL kerfisins. Það er á ábyrgð hvers internetsþjónustuaðila að útvega sér viðeigandi samband við þann tengipunkt. PFS vísar til ákvörðunar stofnunarinnar nr. 21/2014 varðandi skyldur Mílu í þessu sambandi.

Hringiðan óskar eftir að nýta sömu sambönd og nýtt eru fyrir DSL heildsölutengingar milli Tæknigarðs og Múla fyrir aðra þjónustu sem fyrirtækið selji frá Múla í Tæknigarð t.d. útlandasamband. Því sé það mjög óheppilegt að orðalag í ákvörðum PFS banni það.

Í **andsvari Mílu** kemur fram að um sé að ræða sérstaka vöru sem sett sé fram í þeim eina tilgangi að veita BRAS samtengingar. Míla leigi tengiskilin af Símanum og endurselji til internetþjónustuveitanda. Það væri því mjög óeðlilegt að sambönd sem internetþjónustuveitandi kaupir af öðru fyrirtæki fari yfir tengiskil Mílu, sérstaklega með tilliti til þess að tilgangur þessarar aðgerðar sé einmitt að aðskilja þjónustu Mílu frá þjónustu Símans. Míla bendir jafnframt á það að ekkert hindri Hringiðuna í að samnýta sambönd sín á milli Múla og Tæknigarðs en slík samnýting færi þá fram utan við tengiskil fyrir BRAS þjónustu.

Afstaða PFS

Athugasemd Hringiðunnar snýr að eftirfarandi málsgrein í drögum að viðauka 6:

„Óheimilt er að samnýta þessar tengingar til notkunar fyrir aðra þjónustu sem tengist ekki samtengingu við kerfi Mílu vegna aðgangssleiðar 3.“

Í ljósi athugasemda Hringiðunnar og svara Mílu þykir PFS rétt að umrætt skilyrði verði skýrt nánar. Með orðinu „tengingar“ er Míla að vísa til tengiskila við BRAS þjónustu og skal Míla breyta orðalaginu á eftirfarandi hátt:

„Óheimilt er að samnýta tengiskil við BRAS þjónustu til notkunar fyrir aðra þjónustu sem tengist ekki samtengingu við kerfi Mílu vegna aðgangssleiðar 3.“

5 Tengingar innanhúss í sírstöð

Snerpa bendir á að gjald fyrir „tengingu frá búnaði viðskiptavinar inn á IP-net Símans“ sé hvergi að finna í verðskrá Mílu og telja að þessi tenging falli undir kostnað við „Access and MFD services“ í kostnaðargreiningu fyrir A3.

Þá lítur Snerpa svo á að sá samtengipunktur sem tilgreindur er í viðaukum Mílu sé einmitt MDF. Snerpa afhendi sinn ljósleiðara í MDF Mílu á Ísafirði en gjaldið sé innheimt fyrir innanhússljósleiðara frá MDF til IP-nets Símans (á meðan Míla hefur ekki sett upp eigið burðarnet fyrir BRAS-þjónustu). Miðað við að kostnaður við MDF sé tekinn inn í kostnaðargreiningu PFS vegna portagjalda hlýtur allur kostnaður sem myndast eftir að tengiskilum Snerpu hefur verið skilað inn á MDF vera innifalinn í portagjaldi.

Hringiðan kom með sambærilega athugasemd varðandi kostnað við „Access and MFD services“.

Í **andsvari Mílu** kemur fram að þessi tenging sé ekki inni í kostnaðargreiningu fyrir bitastraumsaðgang. Til að skýra þetta nánar þá sé um að ræða ljósleiðara sem liggur frá MPLS búnaði Símans inn á ljóstengigrind Mílu og þaðan í búnað Snerpu. Míla hefur innheimt gjald fyrir slíkar tengingar þegar ekki er um leigulínusamband að ræða heldur eingöngu ljós á milli búnaðar innan tækjarýma. Þetta gjald er 1.100 kr. og er fyrir skráningu og viðhald í línubókshald og aðstöðu á ljóstengigrind Mílu. Míla telur eðlilegt að greitt sé gjald fyrir tengingar í búnað Mílu innan tækjarýma Mílu þegar ekki sé um samband út fyrir tækjarýmið að ræða. Þessar ljósleiðaratengingar séu að mati Mílu hvorki hluti af markaði fyrir Stofnnet (markaður 14) né markaði fyrir aðgangsnét (markaður 4, 5 og 6). Það sé hins vegar rétt að Míla hafi ekki birt verð fyrir þessa þjónustu á vef og verði bætt úr því nú þegar. [...]

Afstaða PFS

Eins og Míla nefnir í andsvörum sínum og fram kom í kafla 3.4 í ákvörðunardrögunum þá nær kostnaðarliðurinn „Access and MDF services“ í kostnaðargreiningu vegna aðgangслейðar 3 ekki yfir svokallaða innanhússfíbera og því innheimtir Míla sérstakt gjald fyrir þá.

Það er rétt hjá Snerpu að Míla hefur láðst að birta verð fyrir þessa þjónustu eins og Míla tekur undir og ber Mílu að bæta úr því hið fyrsta.